




GRÆNA ORKAN

Stjórnarfundur Grænu orkunnar 14.1.2021

Fundurinn fór fram á Teams, klukkan **8:45-10:00**.

Fundinn sátu Ágústa Loftsdóttir, Ásta Þorleifsdóttir, Benedikt Stefánsson, Bjarni Freyr Guðmundsson, Erla Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, Margrét Þórólfsdóttir og Sigurður Ástgeirsson. Auk þeirra var Anna Margrét Kornelíusdóttir, sem ritaði fundargerðina.

1. Fundargerð síðasta fundar
Tekið var tillit til athugasemda.
2. Starfsmarkmið GO fyrir árið 2021
Farið yfir helstu áherslur



Af vali stjórnarmanna var ljóst að í starfi sínu ætti að stjórnin leggja áherslu á ***að vera leiðandi í stefnumótunarrvinnu orkuskipta*** en af þeim 9 tillögum hlaut sá liður flest atkvæði eða 4. Sú tillaga sem hlaut næstflest atkvæði var ***Litið yfir farinn veg***. Aðrar tillögur hlutu eitt atkvæði hver um sig. Það samræmist einnig þeirri tillögu sem hlaut

mestan stuðning undir tillögum að málefnavinnu, sem varðaði *tillögur í uppfærða orkuskiptaáætlun*. Aðrar tillögur sem stjórnarmenn völdu voru:

- Búa til eldsneytisvegvísi (sbr. Hydrogen road map) fyrir allar gerðir eldsneytis – líka jarðefnaeldsneyti og lífildsneyti.
- Flokkun á vistvænu eldsneyti eftir tegundum með áherslu á t.d. aðgengi, hentugleika á gerðir ökutækja, mögulegu verðbili
- Greina reynslu af innleiðingu kolefniskatta í samgöngum og sjávarútvegi. Með hvaða hætti getur slík skattlagning aukið líkur á að markmið í loftslagsmálum náist? Setja fram tillögur um úrbætur.
- Græna orkan taki forystu í hvaða skattlagning er hentugust til framtíðar fyrir öll ökutæki og að nýtt kerfi verði einfalt og samræmt fyrir allar tegundir ökutækja en eðlilega ódýrast fyrir vistvæn ökutæki.

Miklar umræður spunnust um **eldsneytisvegvísi** – hvers eðlis hann ætti að vera, markmið hans, framsetning og markhópur. Þarfnast frekari umræðna og afmörkunar.

Þá var skattlagning rædd í samhengi við markmið um að greina reynslu af kolefnissköttum og skattlagningu til framtíðar (síðustu tveir liðirnir í markmiðum um málefnavinnu stjórnar).

Í málefnaumræðu voru nefndar eftirfarandi skýrslur:

- Skýrsla starfshóps frá 2018 um [Skattlagningu ökutækja og eldsneytis 2020-2025](#).
- Greining frá 2018 unnin af Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík: [Þjóðhagsleg áhrif rafbílavæðingar](#).
- Greining Hagfræðistofnunar frá 2020 um [Áhrif kolefnisgjalds á eldsneytisnotkun](#).

3. Málefnavinna starfsársins 2020-2021

Aðaláherslur í málefnavinnu út frá atkvæðagreiðslu um starfsmarkmið verða:

- Vera leiðandi í stefnumótunarvinnu orkuskipta
- Gera tillögur í uppfærða orkuskiptaáætlun
- Búa til eldsneytisvegvísi

Stjórnin þarf að afmarka verkefnin nánar og skipta verkum.

4. Samningur við Íslenska NýOrku um rekstur Grænu orkunnar

AMK vék af fundi. Formaður kynnti að samningur NýOrku og Grænu orkunnar rann út um áramótin. NýOrka hefur óskað eftir að samningurinn verði endurnýjaður og farið fram á kr. 100.000 hækkun á þjónustugjaldinu. Fundarmenn voru hlyntir því að ganga að tillögunni og veittu stjórnarformanni umboð til að ganga frá nýjum samningi.

5. Viðburðir 2020-21

Á síðasta stjórnarfundi voru eftirfarandi umfjöllunarefni rædd:

- Kynning á Nordic Innovation úthlutun fyrir 2021 – jan/feb 2021

- Rafeldsneyti –Hvað er efst á baugi t.d. í Noregi febrúar 2021
- Raforkuspá og eldsneytisspá (útgáfa síðari skýrslunnar í janúar 2021, væntanlega kynntar saman)
- Loftslagsbreytingar og aðgerðir hafna
- Orkusjóður – staða uppbyggingar og úthlutun styrkja til rafhleðsluinnviða
- Kolefnishlutleysi í ferðaþjónustu á Norðurlöndum (haust 2021)

25. febrúar Rafeldsneyti – BS hefur þegar útvegað tvo fyrirlesara: [Norsk e-Fuel](#) og [Liquid Wind](#). Gott væri að bjóða upp á tvö erindi til viðbótar. Tillaga að erindi verði hvert um sig 10 mínútur og svo verði umræður og spurningar.

Mars: Orkuskipti og aðgerðir hafna. Umræðuefni: rafvæðing, hitaveita, eldsneyti í skipum, innviðir í höfnum fyrir skip sem skráð eru hér á landi. ÁP mun stilla upp dagskrá og fá til liðs við sig aðila á borð við Hafnasamband Íslands, Faxaflóahafnir og fleiri.

Apríl: viðburður um orkuskipti í flugi. Möguleg erindi frá Friðriki Pálssyni, Isavia, Gylfa Árnasyni ÁP/GVS kanna málið.

AMK greindi frá því að samstarfshopur SAF, ON, Eflu og Íslenskrar NýOrku væri að ljúka skýrslu um kostnaðar- og þarfagreiningu fyrir uppbyggingu innviða á íslenskum ferðamannastöðum og við Keflavíkurflugvöll. Hópurinn hefur áhuga á að kynna niðurstöður á opnum fundi í samstarfi við Grænu orkuna, t.d. í lok janúar eða byrjun febrúar.

6. Önnur mál

Viðauki

Markmið stjórnar Grænu orkunnar fyrir starfsárið 2021

Starf stjórnar

1. Litið yfir farinn veg. Vinna Grænu orkunnar frá upphafi 2011, 2015, 2019. Hvað hefur áunnist? Náðust markmið 2020?
2. Vera fyrsta stopp stjórnvalda þegar kemur að öllu því er viðvíkur orkuskiptum og endurnýjanlegu eldsneyti.
3. Vera leiðandi í allri stefnumótunarvinnu sem viðkemur orkuskiptum, endurnýjanlegu eldsneyti og tengdum geirum, s.s. loftslagsmálum.
4. Setja þrýsting á stjórnvöld þegar kemur að orkuskiptum, því það er hægt að gera betur.
5. Vinna áfram að þrýstingi fyrir styrkjum stjórnvalda á aukinni uppbyggingu innviða fyrir vistvænar samgöngur
6. Hafa frumkvæði að orkuskiptaverkefnum.
7. Hafa frumkvæði að stefnumótun.
8. Halda að minnsta kosti einn viðburð á mánuði út árið.
9. Sjá til þess að það verði amk eitt viðtal við fulltrúa Grænu orkunnar í sjónvarpi eða útvarpi fyrir sumarið.
10. Skrifa blaðagrein um orkuskipti.

Verkefni og málefnavinna

Orkuskipti

11. Tillögur í uppfærða orkuskiptaáætlun. Setja inn mælanleg markmið og vegvísa í aðgerðaáætlun stjórnvalda.

Eldsneyti

12. Búa til eldsneytisvegvísi (sbr. Hydrogen road map) fyrir allar gerðir eldsneytis – líka jarðefnaeldsneyti og lífeldsneyti.
13. Flokkun á vistvænu eldsneyti eftir tegundum með áherslu á t.d. aðgengi, hentugleika á gerðir ökutækja, mögulegu verðbili
14. Samræming og einföldun á greiðslumáta fyrir vistvænt eldsneyti og koma í veg fyrir stórir aðilar geti sópað til sín markaðnum.

Sjávarútvegur

15. Tillögur um næstu skref til að hraða orkuskiptum í sjávarútvegi og auka hlutdeild innlendrar orku og tækni. Áhersla á efnahagslega og laglega hvata á forræði stjórnvalda. Á grundvelli sviðsmyndagreiningar DNV GL.

Þungaflutningar á landi (vöru- og fólks)

16. Tillögur um næstu skref til að hraða orkuskiptum og auka hlutdeild innlendrar orku og tækni. Kallar á greiningu kosta og áhrifa.

Skipa- og flugsamgöngur

17. Tillögur um næstu skref til að hraða orkuskiptum og auka hlutdeild innlendrar orku og tækni út frá loftslagsáætlun og aukinni hlutdeild ferðamennsku í VPF. Ábyrgð aðila, lagalegur rammi. Kallar á greiningu kosta og áhrifa.

Ívilnanir og hagrænir hvatar

18. Greina reynslu af innleiðingu kolefniskatta í samgöngum og sjávarútvegi. Með hvaða hætti getur slík skattlagning aukið líkur á að markmið í loftslagsmálum náist? Setja fram tillögur um úrbætur.
19. Græna orkan taki forystu í hvaða skattlagning er hentugust til framtíðar fyrir öll ökutæki og að nýtt kerfi verði einfalt og samræmt fyrir allar tegundir ökutækja en eðlilega ódýrast fyrir vistvæn ökutæki.